sínu fínasta pússi, borða góðan mat og gleðjast saman. Á lokahófinu fer fram formleg verðlaunaafhending í öllum greinum og flokkum mótsins. Þá er alltaf dregið í happdrætti þar sem góðir vinningar eru í boði til keppenda. Undir borðhaldi koma fram ýmsir aðilar en veislustjóri stjórnar ávallt hófinu. Heiðursgestur mótsins ávarpar gesti og þeir aðrir sem eftir því falast eða eru um það beðnir. Margskonar skemmtikraftar

koma fram og oft kemur það fyrir að þátttakendur sjálfir troða upp, við mikinn fögnuð. Að loknu borðhaldi er dansað fram á rauða nótt við undirleik einhverrar góðrar stuðhljómsveitar.

Félagar í Lionsklúbbnum Hængur hafa í tvígang verið beðnir um að dæma á Norðurlandamótum í boccia, í Kópavogi 1988 og í Þórshöfn í Færeyjum árið 1994. Í báðum tilvikum voru sendir dómarar til þessara verkefna. Með báðum þessum boðum var klúbbnum sýndur mikill heiður og traust, og þeir dómarar sem til þessara verkefna voru valdir stóðu sig vel og voru klúbbnum til sóma. Þá hefur Hængur einnig tekið að sér að halda nokkur Íslandsmót í boccia í gegnum árin fyrir Íþróttasamband fatlaðra.

Íþróttasamband fatlaðra - Í.F.- hefur heiðrað Hængsfélaga með því að sæma þá merki sambandsins. Bronsmerki Í.F. hafa þó nokkuð margir félagar fengið og silfurmerki Í.F. hafa tveir félagar verið sæmdir, þeir Guðmundur Sigurbjörnsson, sem



Greinarhöfundur ásamt Presti yfirdómara

nú er látinn og Gunnlaugur Björnsson. Þá var Lionsklúbburinn Hængur sem slíkur sæmdur silfurmerki sambandsins, fyrir mikil og góð störf að íþróttamálum fatlaðra á Íslandi.

Hængsfélagar takast á við þetta stærsta verkefni sitt, Hængsmótið, á hverju ári af mikilli ánægju, því að þeir vita að laun þeirra fyrir mikinn undirbúning og mikla vinnu eru ríkuleg og ekki í líkingu við nokkuð annað. Geislandi bros og innilegt þakklæti, sem kemur beint frá hjartanu eru stórkostleg laun, laun sem þeir hafa fengið greidd ríkulega á hverju ári alveg frá fyrsta mótinu og eru þeim alltaf jafn dýrmæt.





Get, ætla, skal

Ítalíu Dólómító ölpunum 2007

Jæja, þá er komið að því. Hetjan okkar, stelpan sem lætur ekkert stoppa sig, ein af þessum fyrirmyndum sem kennir okkur að allt er gerlegt með nægum viljastyrk, er hætt keppni. Þetta hlaut auðvitað að gerast en svona fljótt? Margfaldi Ólympíumethafinn Kristín Rós Hákonardóttir er samt ekkert sérstaklega tregafull þegar blaðakona nær tali af henni á fallegu heimili hennar í Álfkonuhvarfi í Kópavogi. Þvert á móti, hún hlakkar til keppnislausu lífsins eins og barn sem búið er að lofa blandi í poka fyrir þúsundkall.

Viðtalið byrjar ekki vel. Ókunnug staðhátum þvælist farsímalaus blaðakonan um byggingasvæði og malarvegi, Sali og Kóra, og mætir hátt í klukkutíma of seint. En Kristín Rós býður í hús eins og ekkert hafi í

skorist, vön því að eitt og annað taki á taugarnar í dagsins önn. Þetta er daginn eftir 34 ára afmælið hennar og hún fékk KitchenAid í afmælisgjöf með meðfylgjandi uppskriftabók. Það er ljóst að KitchenAid kann fleira en að hræra, hún getur hreinlega allt, rétt eins og eigandinn.

Allar álfur nema Suðurskautslandið

Það næsta sem grípur augað er smekklegr uppstilling á broti af verðlaunagripum Kristínar Rósar, bikurum og peningum, í þremur gagnsæjum hillustólpum á stofugólfinu. Nokkrum gripum hefur verið stillt upp á öðrum stað í stofunni en obbann af verðlaunamuninum er hins vegar að finna í vinnuherberginu þar sem þeir koma fyrir fárra augu. Glæstur íþróttiferillinn endurspeglast

í miklum fjölda verðlauna og óhjákvæmilega er spurt: Af hverju ákvaðstu að hætta? „Það var bara kominn tími til,” svarar Kristín Rós og brosir. „Svo vildi ég ekki láta stelpurnar ná mér! Það spilaði líka inn í að mig langar að breyta til og gera eitthvað annað, ég er orðin eldri og vil hafa tíma til að sinna nýjum áhugamálum, eins og ferðalögum.” Þar sem Kristín Rós hefur ferðast um víðan völl kemur þetta nokkuð á óvart, er hún ekki einmitt sjóaður ferðalangur? „Jú mikil ósköp, ég hef komið í sjö heimsálfur, allar nema á Suðurskautslandið! En tilgangur ferðanna hefur alltaf verið keppni og umframtími hefur farið í æfingar. Nú ætla ég að ferðast á öðrum forsendum.”

Það var í byrjun síðasta árs sem Kristín Rós tók ákvörðun um að hætta að loknu heimsmeistaramótinu í

desember sama ár, svo aðdragandinn var nokkur. „Ég var í rauninni komin með upp í kok af því að vera í vatni og er núna hætt að synda. Þetta eru líka orðin tuttugu ár, ég byrjaði í landsliðinu árið 1987. Núna er ég bara í rólegheitunum að ná áttum því þetta er mikil breyting eftir að hafa nánast búið í lauginni. Í haust byrja ég í sérkennslunámi í Kennaraháskólanum og hlakka til að fara aftur að læra.“ Kristín Rós kennir yngri börnum í Víkurskóla í Grafarvogi en hún er útskrifaður grafískur hönnuður frá Listaháskóla Íslands og tók kennsluréttindanám í beinu framhaldi, náminu lauk hún árið 2004. „Víkurskóli er mjög fín skóli, góð stjórnun, góður mórall og mikil áhersla lögð á samskiptabáttinn. Næsta vetur ætla ég svo að minnka við mig vinnuna til að geta líka einbeitt mér að náminu. Það má eiginlega segja að ég sé hálfótóm núna án sundsins en ég er harðákveðin í að byrja vel í haust,“ segir Kristín Rós um verkefnin framundan.

Af hverju labbar hún svona?

Þegar Kristín Rós var fjórtán ára, árið 1981, byrjaði hún að æfa sund af fullum krafti. Hún var samt engan veginn óvön þegar þar kom, „ég byrjaði að fara í sund einhvern tímann um tveggja ára aldur hjá styrktarfélaginu og mér leið alltaf vel í vatni,“ segir hún. „Það voru foreldrar mínir sem hvöttu mig og þau sendu mig til Íþróttafélags fatlaðra í Reykjavík.“ Foreldrar Kristínar Rósar eru Hákon Magnússon fyrrverandi skipstjóri á Húnaröstinni og Rósa Sigurðardóttir sem er heimavinnandi. Kristín Rós er spastísk vinstra megin eftir hettusóttarvírus sem hún fékk átján mánaða gömul. Fyrst lamaðist höndin og nokkru síðar fóturinn. Endanlega náði svo lömunin frá

Ég vissi alltaf að ég gat sagt: Passið ykkur bara, ég á stóran bróður sem getur lamið ykkur! Það var svolítið gott.

auga og niður. Með stífum æfingum náði Kristín Rós miklum árangri og framfarirnar eru slíkar að við fyrstu sýn sér lömunarinnar ekki merki.

Kristín Rós er næstyngst í hópi sex systkina. „Þegar ég var á spítalanum var mamma ófrísk og eftir fæðinguna labbaði hún á milli og sinnti bæði nýburanum og veika barninu. Þetta var ansi töff því til að byrja með vissu menn ekkert hvað var að mér og óvissan er erfið.“ Kristín Rós varð ekki fyrir einelti í bernsku og þakkar það ekki síst systkinum sínum. „Þau voru stundum spurð: „Af hverju labbar hún svona? Hvað er að henni? Af hverju er höndin á henni svona?“ Þá fauk í þau og spyrjandinn fékk fyrirlestur um að ég væri fötluð, þau útskýrðu í hverju fötlunin fólst og bættu því við að ég væri dugleg og alltaf að æfa mig. Ég vissi alltaf að ég gat sagt: Passið ykkur bara, ég á stóran bróður sem getur lamið ykkur! Það var svolítið gott.“ Kristín Rós er ekki eina afrekskonan í fjölskyldunni, „Habbí systir var í vaxtaræktinni á sama tíma og Jón Páll og fleiri, þá var mikill uppgangur í þessu. Nokkrir fleiri í fjölskyldunni hafa líka stundað keppnisíþróttir.“

Viðhorf sem vantar í unglinga

Kristín Rós ólst upp í Seljahverfinu í Reykjavík og gekk í Ölduselsskóla, „það var bara í tveggja mínútna fjarlægð frá heimili mínu í Vaðlaseli og mjög þægilegt. Pabbi og mamma byggðu þetta hús þegar ég var fimm ára og það var eitt af fyrstu húsunum í hverfinu. Þarna var fullt af krökkum og nóg við að vera. Ég var þrisvar í viku í sundi eftir skóla og kennararnir í Ölduselsskóla

voru góðir og skilningsríkir, ég fékk enga sérkennslu eða neitt slíkt. Eina sem var öðruvísi hjá mér var að ég sleppti leikfimi af því ég var alltaf í sundi og æfingum og tók svo bara sundpróf í lok grunnskólans. Eftir hann fjölgaði svo æfingunum upp í sex sinnum í viku en mest hef ég æft níu sinnum í viku. Síðustu fimm árin æfði ég hjá Fjölni og það var þá sem æfingarnar voru svona tíðar, en bara fyrir stórmót. Ég hef samt alltaf sett einhver mörk og hef aldrei farið á morgunæfingar nema fyrir stóru mótin og þá ekki fyrr en klukkan átta á morgnana.“

Kristín Rós segir kröfur um árangur íþróttamanna hafa aukist jafnt og þétt á þeim tíma sem hún hefur verið viðriðin sundíþróttina. „Það þarf rosalega mikinn sjálfsaga til að ná árangri í íþróttum. Fólk þarf virkilega að vilja gera þetta og sjá eitthvað fram undan til að stefna að. Mér finnst þetta viðhorf svolítið skorta hjá unglingum. Tölvun var náttúrulega ekki komin þegar ég var að byrja að æfa svo ekki þvældist hún fyrir manni. Þegar ég var í Fjölnbraut í Breiðholti unnum við enn á ritvél og þegar ég var lítil vorum við krakkarnir alltaf úti að leika okkur. Smám saman vék reyndar flest fyrir sundinu, ég var líka frekar róleg og ekkert alltaf á fartinni en mér fannst gaman að teikna og gerði töluvert af því.“ Aðspurð hvort hún hafi alltaf ætlað að verða sunddrottning jánkur Kristín Rós því. „Já, ég vildi verða sunddrottning en mig langaði líka að verða dýralæknir, fornleifafræðingur og sitthvað fleira. Mér gekk ágætlega í námi, ég var meðalnemandi og svolítið slök í stærðfræði, en ég hef samt alltaf þurft að hafa aðeins meira fyrir þessu en systkini mín af því ég tók mér góðan tíma og vil gera hlutina vel.“

Núna er ég bara í rólegheitunum að ná áttum því þetta er mikil breyting eftir að hafa nánast búið í lauginni.

Enginn tími til að verða ástfangin

Síðustu árin var Ólafur Þór Gunnlaugsson þjálfari Kristínar Rósar hjá Fjölni en hún byrjaði hjá Erlingi Jóhannssyni eins og flestir ef ekki allir íslenskir sundgarpar í hópi fatlaðra. „Svo tók Kristín Guðmundsdóttir við. Ég kom víða við, var líka í Ægi, KR og Breiðabliki, rokkaði á milli félaga og vissi ekki alveg hvar ég vildi vera. Það var ágætt að prófa eitt og annað. Ég hafði heldur enga samkeppni í ÍFR þegar fram í sótti og var farið að leiðast. Ég lauk svo ferlinum hjá Fjölni eins og ég nefndi áðan.“ Kristín Rós segir það sína skoðun að aðgreining íþróttafólks með og án fötlunar sé í lagi þegar kemur að keppni, en öðru máli gegni um íþróttaiðkun almennt. „Við erum svo fá í afreksíþróttunum og þegar ég var að æfa í almennu íþróttafélögunum fékk ég miklu meira út úr æfingunum. Þar voru fleiri á svipuðu getustigi.“



JCI (Junior Chamber International)
haldið í Köben 2003

Það þarf rosalega mikinn sjálfsaga til að ná árangri í íþróttum. Fólk þarf virkilega að vilja gera þetta og sjá eitthvað fram undan til að stefna að.

Fyrsta mótið sem Kristín Rós keppti á erlendis var Norðurlandamót árið 1987. „Mér fannst þetta þvítíkt stórmót,“ segir hún og hlær, „en núna finnst mér það bara ósköp venjulegt. Mótið var haldið í Færeyjum og ég hitti fullt af stelpum þarna sem ég átti síðar eftir að keppa við og bera mig saman við.“ Kristín Rós keppti í bak-, bringu- og skriðsundi en fjórsundið bættist við síðar. Við tóku fleiri fjölþjóðleg og alþjóðleg mót, hvert á fætur öðru og sigurgangan var að heita má óslitin.

En hvað með einkalífið, komst það nokkuð að? „Nei, það er sko enginn tími til að verða ástfanginn í þessu prógrammi!“ segir Kristín Rós og hlær. „Það er svo stíft. Byrjað að æfa eldsnemma, morgunmatur klukkan átta til hálfnú og aldrei komið heim fyrr en átta eða níu á kvöldin. Æfingar á mótssstað eru herþjálfun og svigrúm til félagslífs lítið sem ekkert.“ Hvarflaði þá aldrei að þér að hætta á þessum árum? spyr blaðamaður. „Nei, því þótt þetta sé hörkuvinna þá stendur upp úr hvað það er ofboðslega gaman. Að koma á jafnólíka staði og Seoul í Suður-Kóreu, Apenu, Nýja Sjáland og Argentínu - og það ókeypis - er ómetanlegt, og frábært að ferðast með félögunum. Svo er náttúrulega kikk að keppa, ekki síst þegar vel gengur, og



Kristín Rós tekur við verðlaununum Eurosport Sportstar Awards 2004 í Lausanne í Sviss.

finna að maður getur þetta.“

Í fyrra fékk Kristín Rós tækifæri til að líta meira í kringum sig í utanlandsferð en venjan er, jafnvel þótt tilgangur ferðarinnar tengdist íþróttaheiminum. „Þetta var nefnilega ekki keppnisferð,“ segir hún til útskýringar. „Ég fór með Inga Þór Einarssyni þjálfara til Suður-Afríku að skoða staðinn fyrir heimsmeistaramótið í Durban, laugina og allar aðstæður. Þá þurfti ég bara að æfa einu sinni á dag og því gafst nægur tími til að gera aðra hluti. Einn daginn fór ég í safarí og við vorum svo heppin að sjá hjörð með um tuttugu fílum en það er mjög sjaldgæft að sjá þá svona marga og svo nærri.“

Stefnir enn á toppinn

Kristín Rós er sannfærð um að íþróttirnar hafi haft mikið að segja fyrir hana í lífinu, bæði hvað varðar persónulegan þroska og ánægju. „Mér finnst að krakkar eigi að stefna

hærra,” segir hún. „Ég hef verið að þjálfra undanfarin ár og mér finnst skorta nokkuð upp á áhugann, ég veit ekki alveg af hvaða sökum. Það eru auðvitað nokkrir einstaklingar sem hafa keppnisandann í sér en þeir eru of fáir. Það er talað um agaleysi í skólakerfinu og þessa gætir líka í íþróttunum.”

Þrátt fyrir að hafa fengið mikið út úr íþróttunum hafa æfingar og keppni ekki verið án fórna fyrir Kristínu Rós því hún fékk áreynsluastma af því að vera jafn mikið í klórvatni og raun ber vitni. Það lætur hún þó ekki aftra sér fremur en annað frá því að gera það sem hana langar til. Fyrr í sumar fór hún í vikulanga gönguferð í dólómísku Ölpunum og komst á bragðið. Fyrirhugaðar eru fleiri göngur. Blaðamaður veit til þess að þetta er mjög ströng ganga og fólk sem fréttir af þátttöku Kristínar Rósar rekur upp stór augu. Enda sagði leiðsögumaðurinn henni að þetta væri í fyrsta skipti sem hann færi með líkamlega fötluðum einstaklingi



Í Seoul 1988

í þessa göngu. Það má því segja að Kristín Rós sé enn að stefna á toppinn, þótt í öðrum skilningi sé. Er ekki nokkur skapaður hlutur sem þú vílar fyrir þér, Kristín Rós? „Jú, mikil ósköp,” svarar hún og hlær. „En ég hef alltaf haft sama mottóið og það gerir það að verkum að ég sleppi því ekki að gera eitthvað sem mig

langar til út af einhverjum fyrirfram hugmyndum um að það verði kannski erfitt.” Mottóið hennar Kristínar Rósar kannast margir við undir skammstöfuninni G-Æ-S. Það merkir einfaldlega: Get – ætla – skal.



Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands

Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra var haldið laugardaginn 14. apríl 2007 á Hótel Sögu.

Forseti Íslands var viðstaddur þingsetningu þar sem hann ávarpaði þingfulltrúa. Hann situr í alþjóðastjórn Special Olympics og áhugi hans á íþróttastarfi fatlaðra hefur haft mikla þýðingu fyrir Íþróttasamband fatlaðra. Hann verður m.a. viðstaddur alþjóðaleika Special Olympics í Shanghai 2007.

Einnig fluttu ávörp Sveinn Áki Lúðvíksson, formaður ÍF; Stefán Konráðsson, framkvæmdastjóri ÍSÍ; Sigursteinn Másson, formaður ÖBÍ og Þór G. Þórarinnsson, skrifstofustjóri félagsmálaráðuneytisins. Afróliðarnir, nemendur við Fjölmennt, fluttu tónlistatriði.

Ólafur Magnússon, framkvæmdastjóri ÍF, fór yfir skýrslu ÍF frá 2005 - 2007 en þar kemur fram að starfsemin hefur verið mjög fjölbreytt.

Afreksíþróttir og undirbúningur afreksfólks fyrir stórmót erlendis er stór þáttur í starfinu og markvisst er stefnt að þátttöku í Paralympics eða Ólympíumóti fatlaðra í Peking 2008. Starfsemi Special Olympics á Íslandi verður sífellt umfangsmeiri og stærsta verkefni árið 2007 er þátttaka

í alþjóðaleikum Special Olympics í Shanghai haustið 2007 þar sem 32 íslenskir keppendur keppa í 8 greinum. Barna og unglingastarf er mikilvægur þáttur starfsins og í júní 2007 verður haldið á Íslandi norrænt barna- og unglingamót. Samstarfs- og þróunarverkefni, þar sem unnið er að uppbyggingu nýrra greina og nýrra tækifæra á sviði íþrótta fatlaðra, eru einnig mikilvægur þáttur í starfinu.

Ein breyting varð á stjórn ÍF. Ólafur Eiríksson gjaldkeri gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu en í stað hans var kjörinn Kristján Svanbergsson.

Formaður var endurkjörinn Sveinn Áki Lúðvíksson. Aðrir í stjórn eru Camilla Th. Hallgrímsson, Þórður Árni Hjaltested og Ólafur Þór Jónsson. Í varastjórn eru Jóhann Arnarson, Erlingur Þ. Jóhannsson og Svava Árnadóttir

Þing ÍF kaus einn fulltrúa í Ólympíu-



Tónlistatriði, Afróliðarnir



Heiðursgestir



Þingfulltrúar



Undirskrift samnings við Radisson SAS, Hótel Sögu

og afreksráð ÍF en það var Ólafur Eiríksson.

Föstudagskvöldið 13. apríl kynnti Þórdís Gísladóttir íþróttifræðingur rannsókn sína um hagrænt gildi íþróttar og voru niðurstöður athyglisverðar.

Í tengslum við þingið var endurnýjað áralangt samstarf ÍF og Radisson SAS og var skrifað undir samning þess efnis.

Þrettánda sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra samþykkti eftirfarandi ályktun:

„Sambandsþing Íþróttasambands fatlaðra sem haldið var 14. apríl 2007 skorar á alla stjórnmalaflokka að stuðla að aukinni þátttöku fatlaðra í íþróttastarfi með því að beita sér fyrir eftirfarandi:

Tollar og vörugjöld á íþróttar- og útivistaráhöldum fyrir fatlaða verði afnumin.

Sérkennslukvóti í íþróttum í grunn- og framhaldsskólum verði tryggður sem og aðstoð við þá nemendur sem þurfa sérúræði til að geta stundað skólaíþróttir.“



Landsbankinn



LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA



Kem þegar löppin vex á mig

Jónas Óskarsson er athafnamaður, hann gerir út gistiheimili og bókhaldsstofu frá heimili sínu í Reykjanesbæ og hefur meira en nóg fyrir stafni. Sautján ára að aldri lenti hann í hörmulegu slysi og missti fótinn fyrir ofan hné. Fyrir ungling að hefja fullorðinslífið er þetta gífurlegt áfall en Jónas segir hafa skipt sköpum að hann „fann“ íþróttirnar fyrir tilstilli hvatningar starfsfólksins á Grensásdeildinni. Íþróttir fatlaðra nutu ekki síður góðs af Jónasi en hann af þeim, svo ekki sé meira sagt: Jónas tók þátt í þremur Ólympíumótum og kom heim með verðlaunapeninga í öll skiptin.

Ekki er hægt að fagna því nóg samlega hversu margir frábærir afreksmenn létu til sín taka á upphafsárum og -áratugum íþrótta fatlaðra hérlandis. Án þeirra hefðu íþróttirnar ekki vakið jafn mikla athygli og raun ber vitni og þar með fengið stuðning, jafnt fjárhagslegan og í formi umfjöllunar og almenns velvilja. Hagur fólks með fötlun af þeirri athygli og stuðningi er ótvíræður. Viðmælandi Hvata að þessu sinni er einn þessara afreksmanna: Jónas Óskarsson, fæddur 21. júní árið 1961, Húsvíkingur „og stoltur af því.“

„Ég fer reyndar miklu sjaldnar til Húsavíkur en mig langar að gera. Flest allt fólkið mitt býr þar en sjálfur hef ég búið fyrir sunnan og víðar í um þrjátíu ár. Við erum tíu systkinin og bara fjögur okkar búa annars staðar á landinu. Foreldrar mínir eru líka búsettir á Húsavík.“

Lenti í lykkjunni

Bernskan var að sögn Jónasar góð og áfallalaus en þegar hann var sextán ára réð hann sig á millilandaskip,



Jónas Óskarsson var valinn íþróttamaður ársins 1984

fyrst Helgafellið og síðar Dísarfellið. „Þá lenti ég í slysinu. Það atvikaðist þannig að ég var háseti og við vorum að fara frá bryggju. Það átti að nota dráttarbát til þess að snúa skipinu í höfninni svo hægt væri að sigla því beint út. Skipstjórinn á dráttarbátinum keyrði áfram á fullri ferð og við það myndaðist slinkur á tógið og lykkja. Ég lenti í lykkjunni og þá var ekki af sökum að spyrja. Sem betur fer fékk ég ekki lost þannig að ég náði að grípa um hnjáliðinn á meðan fóturinn var að slitna af og gat þannig dregið úr blóðstreymi, ella væri ég örugglega ekki ofar moldu.“ Vegna

sparnaðaraðgerða hjá skipadeild Sambandsins var Jónas einn aftur á bátinum, en daginn áður hafði verið ákveðið að fækka mönnum úr tveimur í einn hvoru megin. „Það var vegna þess að menn höfðu langmestu yfirvinnuna á þessu skipi sem ég var á,“ segir Jónas, „og því var niðurstaðan að ekki þyrfti að hafa stýrimann með hásetanum. Þessu var svo aftur breytt eftir slysið.“

Slysið varð í júlílok 1978 en þá um haustið hóf Jónas ótrauður nám í Stýrimannaskólanum í Reykjavík. Hann var þá enn á Grensásdeildinni og sótti

skólann þaðan fyrsta mánuðinn. „Það er mjög mikilvægt að koma fólki sem fyrst af stað. Ég man að ég labbaði niður á Háaleitisbraut og tók svo strætó. Ég var tvo vetur í skólanum og tók svokallað fiskimannspróf árið 1980.“ Um haustið eftir útskriftina fór Jónas í Samvinnuskólann. Þá var að hefjast útgerðartækninám, sem hann hafði hug á að stunda að afloknu Samvinnuskólaprófi en svo fór að honum bauðst vinna strax eftir skólann sem gjaldkeri í kaupfélaginu á Blönduósi og lagði þá áætlun á hilluna. „Ég var á Blönduósi í tvö ár en fór síðan að starfa hjá Mjólkursamsölunni í Reykjavík. Okkur líkaði ágætlega á Blönduósi,“ segir Jónas aðspurður en hann var þá kvæntur maður, hafði kynnst konu sinni, Lovísu Ósk Skarphéðinsdóttur, þegar hann var á fyrra ári í Stýrimannaskólanum. Sama ár og þau hjón fluttu suður fæddist frumburðurinn, Skarphéðinn Óskar. Næstur kemur Halldór fæddur 1988 og yngst er Jóhanna fædd 1990. „Við bjuggum í Kópavogi og á Álfanesi þessi þrettán ár sem ég vann hjá Mjólkursamsölunni en fluttum þá á Árskógsströnd, nánar tiltekið Árskógssand en þorpið er alltaf kallað Sandurinn af heimamönnum. Þá fluttum við til Keflavíkur og höfum búið þar síðan.“

Ætlaði bara að halda mér í formi

Jónas var í íþróttum fyrir slysið og þá mest í fótbolta. Eftir slysið bentu sjúkrahjálfarnir á Grensási honum á Íþróttafélag fatlaðra og möguleikana þar. „Hugmyndin til að byrja með var að kíkja aðeins á lyftingarnar til þess að halda mér í formi,“ segir Jónas. „Þetta vatt svo upp á sig. Þá voru ekki margir að æfa. Þjálfarnir voru Júlíus Arnarson og Markús



Fánaberi á ólympíumóti fatlaðra 1988

Einarsson, þeir voru mjög öflugir, alveg svínvirkuðu og þetta var fín tími. Æfingar voru tvisvar í viku minnir mig, þetta gekk ágætlega. Ég fór á þrjú Ólympíumót, í fyrsta skiptið 1980 en þá voru þeir haldnir í Hollandi. Þar keppti ég bæði í sundi og lyftingum.

Fyrst byrjaði ég að æfa sund hjá Erlingi Jóhannssyni sem er búinn að áorka alveg gríðarlega miklu á sínum ferli. Hann er ótrúlegur maður, ætlar sér að ná til krakkanna og gerir það svo sannarlega. Annar maður sem stendur upp úr frá þessum tíma er Arnór Pétursson. Hann vinnur í þessum málum alla daga og gerir engan greinarmun á fólki, einblínir ekki á hjólastólafólkið eins og oft vill verða, að fatlaðir einblíni á aðra með sams konar fötlun. Arnór vinnur fyrir alla.

Það var sem sagt strax árið 1978 sem ég byrjaði í lyftingunum og svo fljótlega í sundinu. Sundþrógrammið var allt öðruvísi en lyftingarnar því þar fór ég í Laugardalslaugina að æfa en lyftingarnar voru í sal með örfáum hræðum, það átti ekki jafnvel við

mig. Eins leit ég alltaf á lyftingarnar sem tæki til að byggja mig upp, ekki sem keppnisíþrótt, þótt ég keppti í þeim í Hollandi. Það var reyndar fyrsta alvörumótið sem ég keppti á. Hollendingarnir stóðu sig ágætlega í þessu. Þeir tóku þetta að sér með skömmum fyrirvara og það gekk allt mjög vel. Við Íslendingarnir stóðum okkur ágætlega á mótinu og Sigurrós Karlsdóttir kom heim með gull í sundi. Aðstaðan var fín. Mótið var haldið í Arnheim, við bjuggum í herbúðum og þarna voru skemmtiklúbbbar og allt til alls. Hollendingarnir sinntu fréttaflutningi vel en auðvitað töluðu þeir mest við sitt fólk eins og gengur. Hvað okkur varðaði voru fréttir sendar heim og þetta vakti athygli.“

Frá andapólli í lyklavöld

Jónas hreppti silfrið í lyftingum í Hollandi en keppti ekki oftari í þeirri íþrótt. „Þaðan í frá var það bara sundið og við kepptum öll meira og minna í öllum greinum. Þannig var þetta. En svo eiga menn alltaf „sína“ grein og mín var baksundið. Hollandsárið var ég orðinn nítján ára og þegar ákvörðunin var tekin um að senda mig þá breyttist allt. Ég þurfti að fara að æfa allt öðruvísi en áður, hafði rúmlega veturinn til

Hugmyndin til að byrja með var að kíkja aðeins á lyftingarnar til þess að halda mér í formi. Þetta vatt svo upp á sig.

að undirbúa mig sem var ágætis fyrirvari. Um leið varð þetta ákveðin skuldbinding. Fyrst farið var á eina leika stefndi maður auðvitað á þá næstu líka.

Þegar ég var í skólanum á Bifröst dró nokkuð úr æfingum. Ég æfði eins og ég gat; badminton, lyftingar og annað sem bauðst. Á Varmalandi var svo andapollur sem hægt var að svamla í. Á Blönduósi fékk ég hins vegar lykla að sundlauginni, æfingaprógramm hjá Erlingi og konan mín sat svo á bakkanum og tók tímann. Ég fór stíft eftir prógramminu, annars hefði ég verið að svindla á sjálfum mér, og þetta gekk alveg upp. Árið 1984 var Ólympíumótið haldið í New York en höfðu þá breytt um nafn og hét ekki lengur Ólympíumót heldur International games. Kannski vegna þess að það er óeðlilegt að hver sem er geti tekið nafnið og notað það að vild, eða að fólki hafi fundist svo."

Í New York hreppti Jónas silfrið í baksundi eftir harða keppni en keppti jafnframt í öðrum sundgreinum. Hann hafði verið ákveðinn í að vinna og eftir leikana var hann jafnákveðinn í að „mæta þessum skrattakolli, sem fékk gullið, aftur síðar og vinna hann. Það gekk þó ekki upp hjá mér," segir Jónas og hlær, „því við mættumst á nýjan leik á Ólympíumótinu í Seoul 1988 og enn hafði hann af mér gullið! Þetta annað sæti var bara bein kópíering hjá mér. Sund er náttúrlega engin hópíprótt, þú getur ekki gengið út frá því að einhver annar kippi þér í land, og ég varð bara að bíta í það súra!"

Gekk ekki upp fjárhagslega

Á milli leikanna í New York og Seoul æfði Jónas hjá Erlingi og líka einn vetur með KR. „Erlingur vildi að ég prófaði eitthvað meira og fengi stífara prógramm, en



Jónas með keppendum á Íslandsmóti IF 1987

ég mætti eftir sem áður á allar æfingar hjá honum. Æfingarnar hjá KR voru viðbót. Í kringum 1988 er keppnisíþróttamennskan byrjuð að breytast. Þetta varð meiri atvinnumennska og auknar kröfur voru gerðar um að mæta á mót, sem er náttúrlega alveg nauðsynlegt af því fólk verður stressað á mótum og þarf að fá reynsluna. Æfingar voru klukkan sex á morgnana og ég þurfti líka að mæta á æfingar eftir vinnu. Þetta var orðið allt of mikið. Fyrir Seoul var ég ekkert á leiðinni að hætta og hugði á leikana 1992. En ég var kominn með tvö börn, yngri drengurinn fæddist 1988 og þetta átti illa heima með fjölskyldulífi. Fjárhagsstuðningur var þess utan enginn að öðru leyti en því að greitt var fyrir ferðir og uppihald.

Það er svolítið fyndið að á sama tíma var til þess ætlast hjá Tryggingastofnun að ég kæmi árlega í örorkumat. Það endaði með því að ég samdi við Björn Öundurson tryggingalækni um að koma sjaldnar, en lofaði á móti að ég myndi koma eins og skot ef löppin tæki upp á því að fara að vaxa á mig! Örorkumatið var lægra hjá mér en yngra fólki með sömu fötlun og þegar ég æskti skýringa var mér sagt að þetta væri

einstaklingsbundið. Það má segja að aðalástæðan fyrir því að ég hætti hafi verið fjárhagurinn. Það var árið 1990. Mjög miklar framfarir hafa orðið í sundinu á þeim tíma sem ég hef fylgst með því og ekki síst núna undanfarin ár. Ég fylgist samt ekki mikið með og það er til dæmis lítið gaman að fylgjast með sundi í sjónvarpi," segir Jónas og tekur alls ekki undir að það hafi nú ekkert verið slæmt að horfa á sundtrölilið Mark Spitz í sjónvarpinu á sínum tíma!

Maður gerir ekkert einn

Að sögn Jónasar höfðu íþróttirnar þau áhrif á hann að honum leið miklu betur, bæði andlega og líkamlega. „Það er ómetanlegt að finna að það er eitthvað sem maður getur gert, og jafnvel gert vel," segir hann. „Það er samt líka skemmtilegt við íþróttirnar að það er aldrei hægt að segja „ég gerði þetta" og „ég gerði hitt" vegna þess að maður gerir ekkert einn. Enda heyrir maður aldrei frasa á borð við „ég reddaði öllu og gerði allt sjálfur" í röðum íþróttamanna. Það er bara ekki til. Hér hjálpa allir öllum, það er það sem gildir," segir Jónas Óskarsson að lokum.



Ræðst gegn verkjum



Paratabs® – Öflugur verkjabani!

Notkunarsvið: Paratabs inniheldur parasetamól sem er verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Það er notað við höfuðverk, tannpínu, tíðaverkjum o.fl. Einnig við sótthita af völdum influensu og annarra umgangspesta eins og kvefs. Lyfið inniheldur ekki ávanabindandi efni og hefur ekki sljóvgandi áhrif. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir parasetamóli eða er með lifrarsjúkdóma má ekki nota lyfið. Nýrna- og lifrarsjúklingum er bent á að ráðfæra sig við lækni áður en þeir taka lyfið. Of stór skammtur getur valdið lifrabólgu. **Aukaverkanir:** Parasetamól veldur sjaldan aukaverkunum og þolist yfirleitt vel í maga. Langvarandi notkun lyfsins getur valdið nýrnaskemmdum. **Skömmtun:** Nákvæmar leiðbeiningar um skömmtun fylgja lyfinu. Ekki má taka stærri skammta en mælt er með. Lesið vandlega leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. 13.07.05

**actavis**
hagur í heilsu

Íþróttafélagið Ægir

Íþróttafélagið Ægir var stofnað þann 12. desember árið 1988. Þessi hugmynd vaknaði hjá konu sem heitir Rannveig Traustadóttir. Hún starfaði sem talkennari í Barnaskóla Vestmannaeyja ásamt því að vinna á Dag- og skammtímavistuninni í Eyjum. Hún fékk með sér góðan hóp af fólki og til varð Ægir, íþróttafélag fyrir fólk með fötlun.

Unnur Baldursdóttir var fyrsti formaður félagsins og Lóa Skarphéðinsdóttir fyrsti gjaldkerinn. Ólöf Aðalheiður Elíasdóttir var jafnframt fyrsti þjálfari félagsins. Þær unnu frábært starf ásamt öðru góðu fólki. Hlynur Ólafsson var fenginn til að teikna Ægismerkið og tókst mjög vel til. Þarna fór hægt og bítandi að koma



Hið fallega merki félagsins

mynd á félagið.

Krakkarnir sem fóru á fyrsta mótið á vegum félagsins voru frekar ungir en stóðu sig samt sem áður mjög vel. Ferðin heppnaðist vel í alla staði að mati þeirra sem í hana fóru.

Félagatalan

Hjá íþróttafélaginu Ægi æfa í dag 15 manns. Við erum með boccia fyrir eldri hóp og erum nýbyrjuð með æfingar fyrir yngri iðkendur. Einnig eru hafnar sundæfingar aftur. Stefnt er á að vera með sund fyrir yngri krakkana frá og með haustinu 2007.

Endurvakning félagsins

Í október 2006 var haldinn aðalfundur félagsins þar sem ný stjórn var mynduð. Starfið hjá félaginu var búið að vera frekar lítið og því kominn tími á að rífa félagið upp. Það hefur því margt gerst á stuttum tíma. Við erum búin að tvöfalda félagaöluna og stefnum enn hærra. Það er mikið af góðu fólki búið að standa við bakið á okkur og hefur það hjálpað mikið. Kunnum við því bestu þakkir fyrir allan stuðninginn og aðstoðina. Ómetanlegt að sjá hversu miklu er hægt að koma í verk þegar margir taka höndum saman.

Ægisdagurinn

Ægisdagurinn var haldinn laugardaginn 3. mars 2007 og tókst frábærlega. Við vorum með bocciavöll þar sem fólk gat spreytt sig. Óli Jóns stóð sig vel sem þjálfari þar sem hann kenndi öllum reglurnar og fylgdist með að allt færi vel fram. Ylfa stóð sig með prýði með kökubasarinn og seldi allar kökurnar á skömmum tíma. Einnig vorum við með boltakast þar sem Þórarinn, Guðni Davíð og Birgir Reimar stóðu fyrir sínu. Flóamarkaðurinn gekk vonum frammar, við vorum með mikið af dóti og fötum og þau Anton, Þóra, Dæja, Katrín Helena, Júlíana og Dagmar Ósk voru dugleg að selja. Jafnframt buðum við upp á



Lionsmenn afhentu okkur styrk fyrir Íslandsmeistaramótið

andlitsmálningu sem vakti mikla lukku gesta. Foreldrar stóðu þétt við bakið á okkur og gekk dagurinn vonum frammar. Þetta var í fyrsta skiptið sem Ægisdagurinn var haldinn en hann er svo sannarlega kominn til að vera!

Nýjustu fréttir Ægis

Við fórum á okkar árlega Íslandsmeistaramót í lok mars þar sem mannskapurinn stóð sig með eindæmum vel. Við vorum með eitt lið í úrslitum og komust þær upp um deild þar sem þær unnu alla sína leiki.



Liðið sem komst í úrslit, Dæja, Júlíana og Dagmar Ósk

Í lok apríl héldum við svo upp á land, til að spila við Gáska í Mosfellsbæ. Þetta var vinamót í tilefni þess að Gáski var að halda upp á 25 ára starfsafmæli sitt. Við vorum í einn sólarhring uppi á landi og heppnaðist sú ferð í alla staði vel.

Uppskeruhátíðin hjá okkur var haldin 24. maí s.l. Við byrjuðum daginn á móti, bæði hjá yngri og eldri iðkendum. Eftir það var heljarinnar pizzupartý í Arnardrangi. Allir fengu viðkenningarskjöl fyrir árangur vetrarins, sigurvegarar mótsins fengu afhenta bikara og mannskapurinn var leystur út með Ægisvarningi. Þóra Magnúsdóttir vann mótið hjá eldri hópnum og Gunnar Karl Haraldsson bar sigur úr býtum hjá þeim yngri. Við fengum góða gesti í heimsókn til



Mynd af báðum liðunum eftir mótið,
Ægi og Gáska



Það var fjör um kvöldið, Óli Þormar og Júlíana
á góðri stundu

okkar þennan dag en þau Anna Lína og Sveinn Áki frá Íþróttasambandi fatlaðra komu og nutu dagsins með okkur og fengu að sjá hversu mikið starfið hjá Íþróttafélaginu Ægi blómstrar. Færum við þeim miklar þakkir fyrir að hafa séð sér fært að koma.

Framundan hjá Ægi

Það er nóg framundan hjá Ægi í fjáröflunum og öðru. Þann 30. maí skoruðum við á eldri borgara hérna

í Eyjum að spila við okkur boccia og var því vel tekið. Buðu þau okkur til sín að spila og voru með veitingar að móti loknu. Heppnaðist þetta mjög vel og verður án efa endurtekið. Í sumar lögðum við upp með golfnámskeið fyrir eldri keppendur og frjálsíþróttanámskeið fyrir þá yngri. Námskeiðin eru byrjuð og hafa þegar vakið mikla lukku. Einnig stefnum við á að taka þátt í fótboldamótinu sem haldið verður á Ísafirði í lok ágúst og erum búin að fá til liðs við okkur fótboldamann hjá ÍBV til að halda

smá námskeið í undirstöðuatriðunum. Jafnframt byrjum við í samstarfi við Framhaldsskólann í Vestmannaeyjum og Vestmannaeyjabæ í haust. Þar ætlum við að fá inn nemendur í félagslegu liðveisluna þar sem þeir fylgja einstaklingum í tómstundir, ásamt því að þeir fái einingar metnar fyrir að aðstoða íþróttafélagið Ægi. Möguleikarnir eru því óþrjótandi og framtíðin björt.

Fyrir hönd Ægis,
Kristín Ósk Óskarsdóttir

Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Loftorka Reykjavík hf, verktaki, Miðhrauni 10
Miklatorg hf, Kaupþúni 4
Raftækniþjónusta Trausta ehf, Lyngási 14
Samhentir-Kassagerð ehf, Suðurhrauni 4
Sportis ehf, Austurhrauni 3
Stjarnan ungmennafélag, Stjörnuheimili, Ásgarði
Tréas ehf, Marargrund 4
Vefur ehf, heildverslun, Hagafliot 2
Verkhönnun - Tæknisalan ehf, Kirkjulundi 13
Vélsmiðja Sigurðar Jónssonar ehf, Miðhrauni 8

Hafnarfjörður

Armar ehf vinnulyftur, Flatahrauni 25
Blátún ehf, Grandatröð 4
Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2
Byggingafélagið Sandfell ehf, Reykjavíkurvegi 66
Eiríkur og Einar Valur hf, Breiðvangi 4
Englasteinar ehf, Helluhrauni 10
Fiskverkunin Björg ehf, Eyrartröð 18
Fínþússning ehf, Rauðhelli 13

Fjarðarkaup ehf, Hólshrauni 1
Fjarðarmót ehf, Bæjarhrauni 8
Fjörukráin - Hótel Víking, Strandgötu 55
Flensborgarskólinn, Brekkugötu 19
Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhelli 3
Gaflarar ehf rafverktakar, Lónsbraut 2
Geymslusvæðið ehf, Hraungörðum
H. Jacobsen, Reykjavíkurvegi 66
Hagtak hf, Fjarðargötu 13-15
Heiðar Jónsson, járnsmiði, Skútahrauni 9
HK. Blástur ehf, Helluhrauni 6
Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhelli 6
Hópbílar hf, Melabraut 18
Hvalur hf Hafnarfirði
Höfn öldrunarmiðstöð, Sólvangsvegi 1
IV ehf iðnaðarvörur og vélar, Hvaleyrarbraut 20
Íslensk Orkuvirkjun ehf, Trönuhrauni 7b
Ísrör ehf, Hringhelli 12
Kerfi ehf, Flatahrauni 5b

Norrænt barna- og unglinga- mót haldið á Íslandi 2007

Samtök Íþróttasambanda fatlaðra á Norðurlöndum, Nord HIF, standa fyrir norrænum barna- og unglingamótum annað hvert ár. Dagana 29. júní til 6. júlí s.l. var mótið haldið á Íslandi. Keppendur voru um 75 ásamt um 40 fararstjórum og aðstoðarmönnum frá Íslandi, Danmörku, Færeyjum, Noregi og Svíþjóð.

Gistingu fengu þátttakendur í Frjálsíþróttahöllinni í Reykjavík. Keppendum og þjálfurum var blandað saman í svefnsalina til að þau kynntust betur því mikil áhersla er lögð á að þátttakendur kynnist jafnöldrum sínum frá öðrum löndum.

Æfingar og keppni í sundi fóru fram í nýju innlauginni í Laugardal. Allir keppendur og aðstoðarmenn fengu að prófa útilaugina, hvort sem þau voru að æfa sund, borðtennis eða frjálsar og það fannst þeim

„meiriháttar“ skemmtilegt.

Æfingar í frjálsum íþróttum voru á stórum og glæsilegum frjálsíþróttavelli inni í „höllinni“ en þar sem það var sól og blíða alla vikuna héldum við keppnina á útivellinum í Laugardal, þar sem aðstaða var prýðisgóð. Borðtennisborð voru sett upp í anddyri frjálsíþróttahallarinnar, þar sem keppendur æfðu sig en þess á milli gátu allir fengið að spreyta sig og leika sér við að spila. Eitt kvöldið þegar flestir voru komnir í ró eða sofnaðir voru nokkrir ungir þjálfarar búnir að bera borðtennisborðin út á stétt og skemmtu sér við að spila í kvöldsólinni til miðnættis. Það fannst þeim ótrúlega skemmtileg upplifun.

Kvöldvökur voru haldnar flest kvöld inni í frjálsíþróttasalnum þar sem hvert land kenndi nýja íþróttaleiki. Allir voru látnir taka

þátt í þeim og var mikið hlaupið, hlegið og hossast. Í tengslum við mótið stóð GLÍ fyrir kynningu á glímu þar sem þátttakendur fengu að prófa glímu en einnig fór fram kynning á verkefninu „Sterkasti fatlaði maður heims“ sem er í umsjón Arnars Jónssonar og Magnúsar Vers Magnússonar. Þátttakendur fengu m.a. tækifæri til að sýna krafta sína og draga bíla með góðri aðstoð.

Fyrir hádegi á sunnudeginum var öllum smalað í rútur og keyrt til Íshesta þar sem allir sem vildu eða gátu fóru á hestbak. Starfsfólkið þar er öllu vant og með ótrúlegri natni og þægilegu viðmóti komust nær allir á bak eða fengu að kemba eða klappa hestunum.

Mikill spenningur var hjá öllum útlendingunum að komast í Bláa lónið svo það var samið og prúttað og að lokum fékkst mjög gott verð í

Texti: Camilla Hallgrímsson Myndir: JAK





rútur og aðgangseyri. Þar komust allir út í lónið með góðri aðstoð starfsfólks, sem útvegaði baðstóla fyrir mikið fatlaða svo þau gátu farið út í lónið í stólunum og verið með hinum.

Á meðan fóru Íslendingarnir í Keiluhöllina þar sem þeir skemmtu sér við leiki og fengu svo hamborgara og ís á eftir.


Síðasta eftirmiðdaginn fengu allir dagpassa í Fjölskyldu- og húsdýragarðinn en urðu að koma í stóra hvíta tjaldið fyrir klukkan 18 því þar var haldið lokahóf með pizzum, gosi og ís. Einn íslensku

aðstoðarmannanna sá um diskótek og var dansað við gömul Eurovisionlög allra landanna og sýnd nokkur heimatilbúin skemmtiatriði.

Margir áttu að fljúga heim eldsnemma næsta morgun en þegar allir áttu að fara að sofa upphófst mikið kossaf lens og grátur því allir voru að kveðja nýja vini og skiptast á heimilis- og netföngum. Þessi vika hafði víkkað sjóndeildarhringinn varðandi getu og möguleika hvers keppanda í íþróttum því þau höfðu prófað eitthvað nýtt á hverjum degi en þau höfðu líka eignast vini frá hinum löndunum, sem er mikils virði.

Norræn barna- og unglingamót hafa verið hvati að íþróttaiðkun margra fatlaðra afreksmanna, jafnt á Íslandi sem öðrum Norðurlöndum. Meðal annars hófu Kristín Rós Hákonardóttir og Jón Oddur Halldórsson, íþróttamenn ársins 2006 úr röðum fatlaðra á Íslandi, íþróttuferil sinn á norrænu barna- og unglingamóti.

Að halda mót sem þetta er mikil vinna, jafnt undirbúningur og skipulagning, sem og mótið sjálft. Þar lögðust margir á eitt til að allt gengi að óskum og ber að þakka öllum sjálfbóðaliðunum þeirra fórnfusa starf.





Við styðjum Íþróttasamband fatlaðra

Kjartan Guðjónsson, tannlæknir, Bæjarhrauni 2
Klæðning ehf, Reykjavíkurvegi 68
Kænan veitingastofa, Óseyrarbraut 2
Lerkiverktakar ehf, Skúlaskeiði 26
Markús Jóhannsson hf, Gjótuhrauni 6
Nýsir hf, Reykjavíkurvegi 74
S.G. múrverk ehf, Hvassabergi 4
Saltkaup hf, Fornubúðum 5
Sandey ehf, Fjarðargötu 13-15
Sjúkraþjálfarinn ehf, Strandgötu 75
Spennubreytar, Trönuhrauni 5
Steypustál ehf, Drangahrauni 4
Stímir hf, Drangahrauni 5
Stoðtækni ehf, Lækjargötu 34a
Suðulist-Reisir ehf, Lónsbraut 2
Suzuki umboðið ehf, Kapalhrauni 1
Svæðisskrifst. málefna fatlaðra, Fjarðargötu 13-15
Sýningaljós elf, Klettagötu 12
Tannlæknastofa Ágústs J. Gunnarssonar sf,
Reykjavíkurvegi 66
Trégaur ehf, Suðurgötu 31
Trésmíðaverkstæði Jóns Rafns ehf, Miðvangi 95
VBS-verkfræðistofa ehf, Bæjarhrauni 20
Verkalýðsfélagið Hlíf, Reykjavíkurvegi 64
Vélaverkstæði Hjalta Einars ehf, Melabraut 23-25
Vélaverkstæði Jóhanns Ólafssonar ehf,
Reykjavíkurvegi 70
Vélsmíðja Konráðs Jónssonar sf, Helluhrauni 20
Viðhaldsvirkni ehf, Eyrartröð 3
www.gardyrkjan.is, Helluhrauni 4

Álftanes

Bókasafn Álftaness, Álftanesskóla
Einar Ólafsson, Gestshúsum
Ferskfiskur ehf, Bæjarhrauni 8
Útgerðarfélagið Berg ehf, Túngötu 7

Reykjanesbær

18 JÁ Hársnyrting Harðar, Hafnarstræti 16
Brunavarnir Suðurnesja, Hringbraut 125
Bústoð ehf, Tjarnargötu 2
DMM Lausnir ehf, Iðavöllum 9b
Efíndaug Suðurnesja - BK-hreinsun ehf, Iðavöllum 11b
Eignarhaldsfélagið Áfangar ehf, Hafnargata 90
ESSE ehf, Stekkjargötu 51
Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27
Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36
Húsaness ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20
Ísfoss ehf, Hafnargötu 60
Íslenska félagið ehf, Iðavöllum 7a
Ístek ehf, Hólagötu 31
Kaffi Dús við smábátahöfnina, Grófinni 13b

Myllubakkaskóli, Sólvallagötu 6a
Nesraf ehf, Grófinni 18a
Pípulagnir Benna Jóns ehf, Njarðarbraut 3d
Rafiðn ehf, Víkurbraut 1
Reiknistofa fiskmarkaða hf, Iðavöllum 7
Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum, Fitjum
SG bílar ehf, Bolafæti 1
Skipting ehf, Grófinni 19
Sparisjóðurinn í Keflavík, Tjarnargötu 12-14
Starfsmannafélag Suðurnesja, Hafnargötu 15
Tannlæknastofa Einars Magnúss ehf, Skólavegi 10
Útgerðarfélagið Jói Blakk, Háteigi 13
Varmamót ehf, Framnesvegi 19
Verkfræðistofa Suðurnesja hf, Víkurbraut 13
Verslunarmannafélag Suðurnesja, Vatnsnesvegi 14
Vísir, félag skipstjórnarmanna á Suðurnesjum,
Hafnargötu 90
www.ork.is, Frístundar og heilsárshús
Keflavíkurflugvöllur
Suðurflug ehf, Keflavíkurflugvelli

Grindavík

EVH verktakar ehf, Máнасundi 6
Grímsnes ehf, Hafnargötu 31
